



# Fréttabréf Greiningardeildar

**Mars 2025**

**Greiningardeild Landsbankans**

# Markaðsdagatal – mars 2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3 Reitir birta uppgjör Verðbólga á evrusvæðinu	4 Eimskip birtir uppgjör	5	6 Viðskiptajöfnuður við útlönd ásamt erlendri stöðu þjóðarbúsins (SÍ) Hampiðjan og Síldarvinnslan birta uppgjör Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Evrópu	7 Kaldalón birtir uppgjör Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
10 Skráð atvinnuleysi í feb (VMST)	11 Brottfarir um Keflavíkurflugvöll í feb (FMST)	12 Verðbólga í Bandaríkjunum	13	14
17 Greiðslumiðlun í feb (SÍ)	18 Vísitala íbúðaverðs í feb (HMS)	19 Vaxtaákvörðun (SÍ) Vísitala leiguverðs í feb. (HMS) Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Bandaríkjanna Verðbólga í Bretlandi	20 Mánaðarskýrsla (HMS) Vaxtaákv. hjá Englandsbanka	21 Vísitala launa í feb (HAG)
24	25	26 Yfirlýsing fjármálastöðugleikaneftdar ásamt útgáfa fjármálastöðugleikaskýrslu (SÍ) Verðbólga í Bretlandi Alvotech birtir uppgjör	27 Vísitala neysluverðs í mars (HAG) Ísfélagið birtir uppgjör	28 Hagvísar (SÍ) Amaroq birtir uppgjör




# Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,91% á milli mánaða í febrúar og verðbólga hjaðnaði úr 4,6% í 4,2%. Árshækkun innfluttra vara og opinberrar þjónustu lækkaði á milli mánaða, en árshækkun innlendra vara hækkaði. Verðbólga án húsnæðis og árshækkun allra þriggja kjarnavísitalnanna lækkaði á milli mánaða sem bendir til þess að undirliggjandi verðbólguþrýstingur sé einnig að minnka.

**Hagsjá: Verðbólga hjaðnar í 4,2%**


## Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



## Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



# Breyting VNV á milli mánaða


Mælingin var mjög nærri því sem við áttum von á, en við spáðum að vísitalan myndi hækka um 0,98% og að verðbólga myndi hjaðna í 4,3%. Það sem kom mest á óvart var að föt og skór hækkuðu mun minna en við spáðum. Janúarútsölur ganga jafnan til baka í febrúar og mars, en það er misjafnt hvernig hækkunin skiptist á milli þessara tveggja mánaða. Minni hækkun á fötum og skóm í febrúar þýðir að öllum líkindum meiri hækkun í mars. Einnig kom ríflæg hækkun á mat og drykkjarvöru okkur nokkuð á óvart.

## Framlag undirliða í febrúar



## Febrúarmælingar VNV

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða




# Samsetning ársverðbólgu


Lækkun á framlagi innfluttra vara til ársverðbólgu skýrist að hluta til af því að janúarútsölur á fötum og skóm gengu minna til baka í febrúar í ár en í fyrra. Lækkun á framlagi opinberrar þjónustu til ársverðbólgu skýrist af töluvert minni gjaldskrárhækkunum sveitarfélaganna á sorphirðu, köldu vatni og holræsagjöldum í ár en í fyrra, en þessir liðir hækkuðu óvenju mikið í febrúar í fyrra.

## Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



## Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.




# Horfur næstu mánuði

Við gerum nú ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,53% í mars, um 0,72% í apríl og 0,31% í maí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 3,9% í mars, hækkar í 4,1% í apríl en lækkar í 3,8% í maí. Hækkun á milli mánaða í apríl skýrist að mestu af áhrifum páskanna á flugfargjöld til útlanda. Fyrstu dagar páskanna í fyrra voru í mars og áhrif þeirra á flugfargjöld komu fram bæði í mars og apríl. Nú eru páskarnir seint í apríl og gerum við því ráð fyrir að áhrif á hækkun flugfargjalda komi að öllu leyti fram þá.


## Verðbólguþáttur

Breyting milli mánaða



## Verðbólguþáttur

Ársverðbólga




# Stýrivextir

Peningastefnunefnd lækkaði vexti um 0,5 prósentustig á fundi sínum snemma í febrúar. Rætt var um um 0,25 eða 0,5 prósentustig lækkun, en allir nefndarmenn studdu ákvörðunina. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar, en við spáðum 0,5 prósentustiga lækkun. Samkvæmt yfirlýsingunni er útlit fyrir áframhaldandi hjöðnun verðbólgu næstu mánuði, en þó væri enn verðbólguþrýstingur sem kallaði á „áframhaldandi þétt taumhald peningastefnunnar“. Næsta vaxtaákvörðun er miðvikudaginn 19. mars.

## Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP,HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS(óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,00%
19. mar. 2025						
21. maí 2025						
20. ágú. 2025						
8. okt. 2025						
19. nóv. 2025						

## Meginvextir Seðlabanka Íslands




# Fasteignamarkaðurinn

Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 1,5% á milli mánaða í janúar og jókst árshækkun vísitölunnar úr 7,7% í 10,4%. Mesta hækkunin var á sérbylí á höfuðborgarsvæðinu sem hækkaði um 3,7% á milli mánaða. Á landinu öllu voru rúmlega 700 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði undirritaðir og fækkaði þeim á milli mánaða fjórða mánuðinn í röð.


## Hagsjá: Íbúðaverð tók stökk í janúar

### Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára



### Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu



Gögn um uppkauþ Þórkötlunar og kaup Grindvíkinga ná frá janúar 2024 til september 2024.


Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun






# Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er aðeins meiri til skamms tíma en til lengri tíma, eða 4,1% til tveggja ára, en 3,9% til fimm og tíu ára. Í febrúarmánuði hækkaði álagið til tveggja ára, en það var óveruleg breyting til fimm og tíu ára.



# Raunstyrivextir


Aðhaldsstig peningastefnunefndar miðað við liðna verðbólgu er búið að vera nokkuð stöðugt í um eða rétt undir 4% síðan í september í fyrra. Miðað við meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar hefur aðhaldsstigið lækkað um kringum prósentustig síðan það var hæst í október í fyrra.



# Verg landsframleiðsla


Landsframleiðsla jókst um 2,3% á fjórða ársfjórðungi, samkvæmt nýbirtum þjóðhagsreikningum Hagstofunnar. Síðasti fjórðungur ársins var sá umsvifamesti á árinu, en í heildina áætlað Hagstofan að hagvöxtur hafi verið 0,6% á árinu 2024. Hagvöxtur undir lok árs skýrðist að mestu af aukningu í fjárfestingu en á móti var mikil aukning á innflutningi, að miklu leyti vegna fjárfestingarvara.

## Hagsjá: Hagvöxtur var 0,6% í fyrra




# Velta skv. VSK-skýrslum

Á VSK-tímabilinu nóv.-des í fyrra dróst velta saman á milli ára, eftir að leiðrétt er fyrir verðlag. Þó mátti greina aukna veltu í ferðaþjónustu og framleiðslu málma sem er á skjön við þróunina fyrir árið í heild í þeim tveimur atvinnugreinum. Skýringin á aukningu í veltu í framleiðslu málma liggur í hærra heimsmarkaðsverð á áli. Áfram var aukning í fasteignaviðskiptum sem skýrist að miklu leyti af auknum leigutekjum af atvinnuhúsnæði. Athygli vekur að samdrátt mátti greina á milli ára í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í nóvember og desember sem er á skjön fyrir þróunina fyrir árið í heild. Áfram sást mikill samdráttur í sölu og viðhaldi bifreiða.



# Atvinnuleysi


Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 4,2% í janúar og jókst úr 3,8% frá því í desember. Atvinnuleysi var 0,4 prósentustigum meira í janúar en í sama mánuði árið áður. Þetta er aðeins meiri munur á milli ára en hefur verið síðust mánuði, en þessi munur lá á bilinu 0,2-0,3 prósentustig seinni helmingi ársins 2024. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 4,8%.



# Greiðslukortavelta íslenskra heimila


Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila 123 mö.kr. í janúar og jókst um 6,5% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Innanlands jókst kortavelta íslenskra heimila um 3,4% að raunvirði á milli ára og erlendis jókst hún um 18,8% á föstu gengi. Met var slegið í utanlandsferðum Íslendinga í janúar og virðist ekkert hægja á neyslu þrátt fyrir hátt raunvaxtastig.

## Hagsjá: Neysla enn á uppleið þótt atvinnuleysi aukist




# Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna voru 3,4 ma.kr. í janúar. Þar af voru hrein ný verðtryggð lán 9,8 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánnum um 6,4 ma.kr. Nettó uppgreiðsla á óverðtryggðum lánnum hefur dregist saman frá því um mitt síðasta ár og sömuleiðis hefur nettó ný verðtryggð lántaka dregist saman.



# Viðskiptajöfnuður við útlönd

Á fjórða ársfjórðungi síðasta árs mældist tæplega 70 ma.kr. halli af vöru- og þjónustujöfnuði við útlönd. Þetta er um 26 ma.kr. verri niðurstaða en á sama fjórðungi árið áður. Verri niðurstaða skýrist aðallega af meiri vöruinnflutningi, en meðal annars var óvenju mikið flutt inn af búnaði til uppbyggingar á gagnaverum.






# Staðan í ferðapjónustu

121 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlugvöll í janúar sem er 5,8% fækkun á milli ára. Í janúar jókst erlend kortavelta innanlands aftur á móti um 7,3% á milli ára á föstu verðlagi og 14,9% á föstu gengi. Aukningin í kortaveltu var þó minni en mánuðinn á undan sem er þróun í sömu átt og á fjölda erlendra ferðamanna.

## Hagsjá: Færri ferðamenn en meiri kortavelta


### Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




### Þróun helstu mælikvarða

Breyting milli ára eftir mánuðum



# Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti evru og bandaríkjadal í febrúar. Í lok mánaðarins stóð evran í 145,7 (-1,0 króna miðað við lok janúar) og bandaríkjadalur í 140,0 (-1,2 krónur miðað við lok janúar).



# Gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í gjaldeyrismarkaði í febrúar í fyrra þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum.



# Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ([www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit](http://www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit)).